Fjallabyggð

Fræðslumál

Málaflokkur 04

Fræðslu- og menningarfulltrúi – Karítas Skarphéðinsdóttir Neff
Skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar – Jónína Magnúsdóttir
Skólastjóri Leikskóla Fjallabyggðar – Olga Gísladóttir
Skólastjóri Tónskóla Fjallabyggðar – Magnús G. Ólafsson

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2013

Starfsáætlun

Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar

Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar 2013
Fræðslumál – Greinargerð

Framtíðarsýn fræðslumála í Fjallabyggð

Skólastarf í Fjallabyggð er metnaðarfullt, framsækið og skilvirkt og í góðum tengslum við atvinnulíf, náttúru og menningu svæðisins. Fræðslustofnanir í Fjallabyggð veita nemendum góða menntun sem nýtist þeim vel í lífi og starfi og stuðlar að þroska þeirra, árangri og vellíðan. Skólastarfið er fjölbreytt og skemmtilegt og vekur áhuga á námi og þekkingaröflun. Námið er miðað við þarfir og getu hvers og eins og umburðarlyndi og víðsýni eru höfð að leiðarljósi.
Nemendum og starfsfólki er búið hvetjandi umhverfi þar sem aðbúnaður er góður og jákvæður andi ríkir. Faglegir og metnaðarfullir starfshættir gera skóla Fjallabyggðar að eftirsóknarverðum vinnustöðum fyrir gott starfsfólk. Náið samstarf og samskipti eru á milli foreldra, starfsmanna og nemenda. Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Þeir sýna námi barna sinna áhuga og taka virkan þátt í því.

Hlutverk fræðslufulltrúa

- Fræðslufulltrúi hefur umsjón með fræðslumálum Fjallabyggðar og sinnir stjórnsýsluverkefnum sem varða þessa málaflokka. Hann hefur yfirumsjón með sérfræðiráðgjöf og sérfræðiaðstoð fyrir/við fræðslustofnanir og hefur eftirlit með að skólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir og stefnu sveitarfélagsins. Hann er ráðgjafi bæjarstjóra og bæjarstjórnar í fræðslumálum.
- Fræðslufulltrúi er starfsmaður fræðslunefndar sveitarfélagsins og situr fundi þeirra með málfrelsi og tillögurétt. Hann afgreiðir umsóknir og erindi í umboði nefnda, eftir því sem viðkomandi nefnd hefur samþykkt að framselja ákvörðunarvald sitt.
- Fræðslufulltrúi vinnur með félagsmálanefnd og starfsmönnum félagsþjónustu að útgáfu starfsleyfa vegna dagvistar barna í heimahúsum. Hann heldur utan um starfsemi dagforeldra, úthlutun dvalar og fjárhagslega umsýslu sveitarfélagsins vegna dagvistar barna í heimahúsum.
- Fræðslufulltrúi hefur auk þess frumkvæði að nýsköpun og þróun í uppeldis- og fræðslumálum og tekur þátt í ýmsum þverfaglegum verkefnum sveitar-félagsins, t.d. forvarnarstarfi.
- Fræðslufulltrúi er skólastjórum og kennurum til aðstoðar og ráðgjafar í málum sem snúa að starfsmönnum, nemendum og foreldrum og einnig hvað varðar kennslu, eineltismál, lög og reglugerðir.

- Fræðslufulltrúi tekur við erindum foreldra sem til hans leita og vinnur þau í samvinnu við skólastjóra.
- Fræðslufulltrúi er verkefnisstjóri Olweusaráætlunarinnar gegn einelti.

Önnur verkefni:

Fræðslufulltrúi er framkvæmdarstjóri Olweusaráætlunarinnar gegn einelti í Fjallabyggð (og Dalvíkurbyggð), sem felst í eftirliti, ráðgjöf, fundum og vinnu t.d. úr niðurstöðum eineltiskönnunarinnar og kynningu til starfsmanna.

Tölfræðilegar upplýsingar

Grunnskóli Fjallabyggðar:
Nemendafjöldi í grunnskólanum er 221 í þremur byggingum.
Kennarar eru 26
Stundakennari 2
Stjórnendur; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og 1 deildarstjóri.
Leiðbeinendur 1
Stuðningsfulltrúar 5
Skólaliðar 8
Skólavist 2
Umsjónarmaður skólahúss 1 í fullu starfi og 1 í hlutastarfi.
Skólaritari 1
Sérfræðiþjónusta innan grunnskólans;
Sérkennari, þroskaþjálfi og iðjuþjálfi.

Aðkeypt sérfræðiþjónusta;
Fræðslufulltrúi gerir þjónustusamninga við sálfræðing frá Akureyri. Áætlað er að hann komi einu sinni í mánuði á skólaárinu í grunnskólann og í leikskólann eftir þörfum. Tveir talmeinafræðingar sinna leik- og grunnskólabörnum í Fjallabyggð, einn í hvorum byggðarkjarna. Þeir koma a.m.k. tvisvar á önn eða eftir þörfum.
Sérfræðiþjónusta innan leikskólans / Sérkennslustjóri
Iðjuþjálfi í 50% stöðu heldur utan um sérkennslu innan skólans í tveimur byggingum.

Leikskóli Fjallabyggðar:
Barnafjöldi í Leikskóla Fjallabyggðar hefur verið að aukast undanfarin ár og er nú 93
Stjórnendur: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og 6 deildarstjórar á jafnmörgum deildum.
Deildarstjórar eru í 5,65 stöðugildum.

Aðstoðarleikskólakennari 1
Grunnskólakennarar 2
Aðstoðarleikskólakennari 1
Leiðbeinendur 13 í 10,6 stöðugildum
Starfsmenn í eldhúsi 2
Afleysing 2 í 1,50 stöðugildum

Tónskóli Fjallabyggðar:
Nemendafjöldi í Tónskóla Fjallabyggðar hefur aukist jafnt og þétt og er nú 161 nemandi.
Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri í 30% stjórnun og 8 kennarar í 7,50 stöðugildum.

Skólaskrifstofa – fræðslufulltrúi:
Dagforeldri – Ekkert dagforeldri er í Fjallabyggð, staðan var auglýst sl. vetur en engin viðbrögð urðu við henni. Lítil sem engin þörf er á dagforeldri í dag þar sem tekið er við eins árs börnum á leikskólanum.

Fyrirhugaðar hækkanir á árinu 2013:

launahækkanir samkvæmt kjarasamningum.
Eignasjóður hækkar um 4,5%.

Sparnaðarleiðir

Grunnskóli:

Lagt er til:

Gjaldskrá grunnskólans hækki, leiga á húsnæði.
Lengd viðvera hækki um 4% (hækkaði ekki árið 2011).
Aðhalds í rekstri.

Leikskóli:

Lagt er til:

Gjaldfrjáls leikskóli 5 ára barna verði lagður niður (3 klst.) Sparnaður um 1.100.000 kr.
Leikskólagjöld hækki um 4% líkt og önnur þjónustugjöld, hækki um 934.000 kr.

Fæðiskostnaður hækki um 4% eða 308.000 kr.
Aðhalds í rekstri.

Tónskóli:

Lagt er til:

Tónskólagjöld hækkuðu nú í haust um 9%.
Aðhalds í rekstri.

Gera þarf ráð fyrir kostnaðaraukningu:

Vegna nýbyggingu grunnskólans á Siglufirði.

Framtíðaróskir

Það er fagnaðarefni að komið verði upp mötuneytisaðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk í grunnskólann á Siglufirði.

Fjárhagsáætlun

- Nauðsynlegt er að láta framkvæma tilmæli sem fram koma í öryggisskýrslum sem tengjast leik- og grunnskólanum.

- Gert er ráð fyrir að Grunnskóli Fjallabyggðar flytjist frá Hlíðarvegi í Norðurgötu haustið 2013 og að ný viðbygging verði tilbúin um áramót. Það lækkar rekstrarniðurstöðu 2013 um 11 milljónir.

- Við yfirfærslu tónskólans í Tjarnarborg hefði þurft að gera ráð fyrir hækkun eignasjóðs um 2 milljónir í rammanum eða rekstrarniðurstöðu tónskólans 2013, í stað 44.571.000 hefði talan átt að vera 46.571.000. Að sama skapi lækkar rekstrarniðurstöðutalan í menningarmálum um 3 milljónir (fer úr rúmum 63 m. í 60 m., sjá starfsáætlun menningarmála). Því er hér óskað eftir að niðurstöðutala tónskólans fái að standa eins og hún er í fjárhagsáætluninni 2013, eða 1.253.000 kr. hærri en upphafleg rammaáætlun sagði til um.

- Fræðslu- og menningarfulltrúi leggur til að tekjuliður 04-29-0252 „vistun barna“ skólagjöld grunnskóla flytjist af skólaskrifstofu yfir á grunnskólann. Í fjárhagsáætlun 2013 þarf að gera ráð fyrir – 1.756.000 kr. miðað við þær upplýsingar sem við höfum um nemendur sem stunda grunnskólanám í Fjallabyggð en eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum vorönn 2013. Ekki er

vitað hvort eða hve margir utan lögheimilisnemendur verða í Fjallabyggð frá og með næsta hausti.

- Fræðslu- og menningarfulltrúi leggur einnig til að tekjuliður 04-19-0252 „vistun barna" skólagjöld leikskóla flytjist af skólaskrifstofu yfir á leikskóla. Ekki er þó gert ráð fyrir tekjum á þennan lið 2013.

Helstu breytingar á málaflokknum frá 2012

- Stærsta breyting árið 2013 eru fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir og flutningur grunnskólans, unglingadeildar frá Hlíðarvegi á Siglufirði í Norðurgötu, barnaskólahúsið.

- Miklar rekstrarbreytingar eru vegna nýbyggingar grunnskólans í Ólafsfirði, hvað varðar eignarsjóð, rafmagn og hita sem eru stærstu liðirnir.

- Tónskóli Fjallabyggðar er kominn í nýtt húsnæði í Tjarnarborg og því eru breytingar á rekstrarliðum eins og eignarsjóði, rafmagn, hita auk annarra smærri rekstrarliða.

- Fjölgun barna á aldrinum 10 mánaða til tveggja ára í Leikskóla Fjallabyggðar. Á næsta ári er fyrirhugað að þau verði á bilinu 16-20 börn. Það þýðir að bæta þarf við starfshlutfalli ef taka á þau öll inn í skólann.

Niðurstöður

- Miðað við samtals rekstrarniðurstöðu fræðslu- og uppeldismála var lagt upp með 589.614.000 en niðurstaðan er alls 576.048.000 eða 13.566.000 undir áætluðum ramma 2013.

Karítas Skarphéðinsdóttir Neff
Fræðslu- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar